

leika til, að taka það fæ, sem til þessa kynni ganga, úr jafnaðarsjóðnum, og, ef hann hrökkur ekki til, þá að taka lán uppá hann annaðhvort hjá kaupmönnum eða öðrum.

1870.
28. septbr.

Jafnframt þessu skal því við bætt, að eptir beiðni yðar höfum vör samkvæmt konungsúrskurði 16. maí 1829¹ hlutazt til um, að útgjöld þau við ferð yðar, sem ekki verða talin með endurgjaldi ferðarkostnaðar, verði yður útborguð af jarðabókarsjóði Íslands með 80 rd.

88. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um afgjald af nokkrum sýslum.

28. septbr.

Eptir að stjórnarráðinu hefir borizt bréf yðar 7. maí þ. á., höfum vör hlutazt til um, að tekið verði í fjárhagsáætlunina fyrir fjárhagsárið 1871—72 uppástunga um það, að afgjaldið eptir Mýrasýslu verði látið vera 80 rd., en af Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 40 rd. á ári, einnig að konungstíundin af Barðastrandarsýslu gangi til sýslumannsins fyrir afgjald, þannig, að ákveðið verði, að allt afgjaldið af þessari sýslu skuli hëðanaf vera 20 rd. á ári.

Um leið og þetta gefst yður til vitundar, yður fyrst um sinn til leiðbeiningar, skal því við bætt, að stjórnarráðinu þykir sër ekki fært að gjöra neitt við þá bænarskrá, er barst hingað með bréfi yðar, 26. apríl þ. á., frá sýslumanninum í Dalasýslu Lárusi Blöndal, viðvikjandi því, að hann er settur sýslumaður í syðri hluta Barðastrandarsýslu.

¹) Lovsamling for Island IX, 406.